

Aðalfundur Smalahundafélags Íslands Haldinn að haldin að Daðastöðum 7. september 2003

Mættir voru:

Kristján Ingi Jónsson Daðastöðum

Þorvarður Ingimarsson, Eyjarlandi

Gísli Þórðarson Mýrdal

Kristbjörn Steinarsson Hraunsmúla

Svanur Guðmundsson Dalsmynni

Marsibil Erlendsdóttir Dalatanga

Kristján Mikkaelsson Flekkudal

Elísabet Gunnarsdóttir Daðastöðum

Eggert Kjartansson Hofsstöðum

Þóra Sif Kópsdóttir Ystu-Görðum

Hilmar Sturluson Mósakógum

Ragnar R Jóhannsson Kverná

Gunnar Einarsson Daðastöðum

Guðrún Sigríður Kristjánsd. Daðastöðum

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar

2. Reikningar

3. Kosningar

4. Önnur mál

5. Opnun heimasíðu



Þorvarður Ingimarsson setti fund og bað Svan Guðmundsson um að taka að sér fundarstjórn og Kristján Inga Jónsson að gerast ritara. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar

Þorvarður sagði frá heimasíðu félagsins, að Unnur Ólafsdóttir á Kaðalsstöðum hefði tekið að sér hönnun og umsjón á síðunni. Hann sagði frá hugmyndum um kaup á prentara til að prenta fréttabréf félagsins og spara þannig kostnað við að kaupa prentun.

Þorvarður sagði einnig frá stjórnarfundum sem haldin var á Daðastöðum í vor. Stjórnin ákvað þá að fara þess á leit við Hvanneyri að fjárhundatamningar verði hluti af búfræðinámi. Erindið er enn inni á borði hjá Þorvarði og Unni. Ákveðið var að styrkja þá sem halda landskeppni hverju sinni um 20.000 kr. Einnig að sérmerkja í ættbók þá hunda sem ekki eru hreinræktaðir. Landskeppnin á Snæfellsnesi síðasta haust tókst mjög vel. Þó var dræm þátttaka frá öðrum landshlutum vegna veðurs.



2. Reikningar

Kristján Mikkaelsson lagði fram og fór yfir reikninga. Vegna fyrirspurnar kom fram að Unnur Ólafsdóttir hefði boðið í gerð heimasíðunnar. Af 156 félögum greiddu 65 ekki árgjaldið. Sendur var út giróseðill og ein ítrekun. Einhverjir sögðu sig úr félaginu á árinu.

3. Kosningar

Samkvæmt lögum félagsins var komið að því að kjósa gjaldkera og var Kristján Mikkaelsson var endurkjörinn gjaldkeri til þriggja ára. María Dóra Þórarinsdóttir var kosinn skoðunarmaður reikninga.

4. Önnur mál

Fjallað var um auglýsingar á heimasíðu. Ákveðið að gjaldtaka fyrir auglýsingar renni til Unnar Ólafsdóttur vegna umsjónar með heimasíðu. Upphæð og tíma sem auglýsingar verða inni var vísað til stjórnar til nánari útfærslu. Hugmyndir voru um að fá framleiðendur hundafóðurs til að auglýsa. Stjórn var falið að leita til framleiðnisjóðs um styrki vegna heimasíðu og prentarakaupa.

Svanur Guðmundsson spurði um afstöðu manna til talstöðva og annarra hjálpartækja. Voru nokkrar



umræður um málið og ákveðið að geyma nánari umfjöllun til næsta aðalfundar. Rætt var um nauðsyn þess að þýða alþjóðareglur og leggja fyrir samþykkt næsta aðalfundar. Gunnar Einarsson tók að sér þýðinguna. Rætt um að gera reglurnar aðgengilegar inn á vefnum til skoðunar fyrir félagsmenn.

Þóra Sif Kópsdóttir sagði frá aðalfundi landssamtaka sauðfjárbænda þar sem m.a. rætt var um gagnsemi fjárhunda. Samþykkt að hafa kynningu á meðal bænda á Border Collie. Farið yrði í sveitir og hafðar sýningar á hundum við vinnu.

Í lok þessa liðar fór fram fjöldasöngur sem Reynir

Gunnarsson og Elísabet systir hans leiddu og tóku fundarmenn undir hver með sínu nefi.



5. Opnun heimasíðu

Þorvarður var með heimasíðu Smalahundafélagsins á geisladiski og sýndi mönnum það sem tilbúið var. Var það hin formlega opnun heimasíðunnar. Mennt skoðuðu síðuna og leist öllum vel á.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið
Kristján Ingi Jónsson